

Skýrsla

119

um efnahag sýslusjóða í Austuramtinu 1892.

I. Norður-Þingeyjarsýsla.

Tekjur.

Eign frá fyrra ári	kr. 68,03	
Niðurjöfnun, 11 a. á hvert hundrað	— 345,21	— 413,24

Gjöld.

Kostnaður sjóðsins	kr. 360,50	
Eign til næsta árs	— 32,74	— 413,24

II. Norður-Múlasýsla.

Tekjur.

Niðurjöfnun, 21 e. á hvert hundrað		— 1841,60
--	--	-----------

Gjöld.

Skuld frá fyrra ári	kr. 87,69	
Kostnaður sjóðsins	— 1073,40	
Eign til næsta árs	— 680,51	— 1841,60

III. Suður-Múlasýsla.

Tekjur.

Eign frá fyrra ári	kr. 713,86	
Niðurjöfnun, 21 a. á hvert hundrað	— 1687,14	
Aukatekjur	— 220,81	— 2621,81

Gjöld.

Kostnaður sjóðsins	kr. 2007,32	
Eptir úrskurði amtsráðsins	— 10,02	
Eign til næsta árs	— 604,47	— 2621,81

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 14. nóv. 1893.

*J. Havsteen.***Skýrsla**

120

um efnahag sýsluvegasjóða í austuramtinu 1892.

I. Norður-Þingeyjarsýsla.

Tekjur.

Eign frá fyrra ári	kr. 44,47	
Sýsluvegagjald	— 343,04	
Skuld við reikningshaldara	— 15,03	kr. 402,54

Gjöld.

Vegabótakostnaður		— 402,54
-----------------------------	--	----------

II. Norður-Múlasýsla.

Tekjur.

Eign frá fyrra ári	kr. 165,63	
Sýsluvegagjald	— 1214,63	
Skuld við reikningshaldara	— 2052,20	kr. 3439,46

Vegabótakostnaður — 3439,46

III. Suður-Múlasýsla.

Tekjur.

Eign frá fyrra ári kr. 175,17

Sýsluvegagjald — 1420,74 — 1595 91

Gjöld.

Vegabótakostnaður kr. 722,16

1/2 sýsluvegasjóðsgjaldið gengur frá samkvæmt 3 gr.

laga 1887, sem sje — 710,37

Samkvæmt úrskurði amtsráðsins á reikningnum fyrir 1891 — 1,37

Eign til næsta árs — 162,01 — 1595,91

Skrifstofu Austuramtsins 14. nóv. 1893.

J. Havsteen.

121 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu**
23. nóv. **um skipting Seyðisfjarðarhrepps í tvö sveitarfjelög.** — Eptir að hafa fengið þóknun-
legt álit og tillögur yðar, herra amtmaður, í brjefi dags. 6. þ. m. viðvíkjandi,
skiptingu Seyðisfjarðarhrepps innan Norður-Múlasýslu í tvö hreppsfelög, er hlut-
aðeigandi hreppsþúar og hreppsnefnd hefur óskað eptir og sýslunefnd sýslunn-
ar samþykkt, skal hjer með samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar
frá 4. maí 1872 skipað svo fyrir, sem hjer segir:

1. Seyðisfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu skal skipt í tvö sveitarfjelög,
og skulu takmörk þeirra vera landamerki milli jarðanna Fjarðar og Sörlastaða
að sunnanverðu, en merki milli jarðanna Vestdals og Dvergasteins að norðan-
verðu. Nefnist hinn ytri hluti Seyðisfjarðarhreppur, en hinn innri fyrst um
sinn Innrihreppur.

2. Öllum eignum og skuldum hins núverandi Seyðisfjarðarhrepps, þeim
er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig milli hinna nýju sveitar-
fjelaga, að hinn nýi Seyðisfjarðarhreppur fái og beri $\frac{4}{13}$ en innhreppurinn $\frac{9}{13}$,
eptir því sem nákvæmar hefur samþykkt verið á almennum sveitarfundi á
Vestdalseyri 30. maí 1891, og sveitarþyngslum þeim, sem nú eru og sem síðar
kunna að koma til, og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, er hingað til hefur á
verið, skal skipt milli sveitarfjelaganna eptir sama hlutfalli, þó þannig, að þeir
af íbúum hins sameinaða hrepps, sem verða styrkþurfar eptir að skiptingin
hefur fram farið, og sveit mundu hafa átt í hinum forna hreppi, eigi fram-
færslurjett í því sveitartjelaginu, sem heimili þeirra við skiptinguna heyrir til,
ef þeir í hvorugu hinna nýju sveitarfjelaga hafa náð að vinna sjer framfærslu-
rjett eptir lögunum.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hef-
ur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi, samkvæmt 2. gr. sveit-
arstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið